

Mál nr. 160/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um bótafjárhæð vegna umferðarslyss 23. janúar 2013.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.5.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 27.5.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðarslysi 23. janúar 2013. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um mat á tímabundnum og varanlegum afleiðingum slyssins skv. skaðabótalögum nr. 50/1993. Við uppgjör málsins í apríl sl. kom upp ágreiningur milli M og V um þau árslaun sem lögð eru til grundvallar útreikningi bóta fyrir varanlega örorku skv. 5.-7. gr. skaðabótalaga.

M telur að við þennan útreikning eigi að leggja til grundvallar meðaltekjur félagsmanna í Stéttarfélagi lögfræðinga árið 2013 samkvæmt úttekt BHM um laun starfsmanna ríkisins eftir bandalögum og stéttarfélögum, að viðbættu 11,5% framlagið í lífeyrissjóð. Ekki þykir nauðsynlegt að tilgreina sérstaklega frekari röksemdir M fyrir því að sú viðmiðun sé lögð til grundvallar.

V telur að ágreiningur snúist eingöngu um bótafjárhæðir og veitir ekki samþykki sitt fyrir því að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum fjalli um þann ágreining.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, starfar úrskurðarnefnd í vátryggingamálum samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins (nú Fjármála- og efnahagsráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga (nú Samtaka fjármálafyrirtækja). Þá segir í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt segir að nefndin úrskurði um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í 2. mgr. 3. gr. er tekið fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Í málinu er ágreiningur um hvaða árslaun eigi að leggja til grundvallar við útreikning tiltekins bótaþáttar skv. skaðabótalögum, þ.e. hvaða bótafjárhæð eigi að greiða til M. Í bréfi V, dags. 27. maí 2016, kemur skýrt fram að samþykki liggi ekki fyrir af hálfu félagsins að nefndin fjalli um ágreining um bótafjárhæðir. Það liggur því ekki fyrir samþykki allra málsaðila, eins og áskilið er, og verður málinu vísað frá með vísan til 3. mgr. 3. gr. fyrrnefndra samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 24. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.